



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2019

ENSK2OR05: Orðaforði og ritun

Kennari:	Helgi Þorvaldsson	Sk.st.	HP
Kennari:	Ægir Pétur Ellertsson	Sk.st.	ÆE

Áfangalýsing:

Markvisst er unnið með almenna og sérhæfða texta og reynt að byggja upp hagnýtan orðaforða. Nemendur eru þjálfaðir í skipulegri framsetningu ritaðs máls, bæði hvað varðar uppbyggingu og orðaforða. Áhersla er lögð á alhliða færni í málinu.

Undanfari: ENSK2OL05 og ENSK2HC05

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða
- notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega
- helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls, s.s greinamerkjasetningu

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja algengustu orðasambönd sem eru einkennandi fyrir talað mál
- taka virkan þátt í samskiptum á viðeigandi hátt og beita málfari við hæfi
- tjá sig skýrt og hnökralaust um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið
- skrifa formlega texta og fylgja helstu rithefðum og reglum um málbeitingu

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja daglegt mál, svo sem samræður og fjölmiðlaefni og skilja án vandkvæða megininntak erinda og rökræðna
- tileinka sér efni ritaðs texta og hagnýta á mismunandi hátt
- lesa texta þar sem ákveðin viðhorf eða skoðanir eru kynntar, átta sig á tilgangi og afstöðu textahöfundar og bregðast við eða tjá skoðanir sínar munnlega eða skriflega um efni þeirra
- taka þátt í skoðanaskiptum og haga orðum sínum í samræmi við aðstæður og tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt
- skrifa margs konar texta og fylgja þeim ritunarhefðum sem eiga við í hverju tilviki fyrir sig,

Námsefni:

New Writing Exercises Spring 2018
Academic Word List Chapters 16-19

Longman online dictionary <https://ldoceonline.com> eða Góð ensk-ensk eða ensk-íslensk orðabók

fjölrit á skrifstofu FSU

fjölrit á skrifstofu FSU

Kjörbók: Nemendur velja sér **eina** bók af eftirfarandi titlum:

- ✓ **Forget You Had A Daughter** Sandra Gregory
- ✓ **Land of the Living** Nicci French
- ✓ **Out Of My Depth** Emily Barr

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Nemendur lesa **kjörbók** og taka fjögur próf úr henni í tímum.

Í **New Writing Exercises** verða nemendur þjálfaðir í **ritun efnisgreina og í notkun samtenginga** (connectives). Á önninni eru unnin ýmis verkefni bæði í munnlegu og skriflegu formi. Unnið verður að bættum orðaforða með vinnu við orðstofna og orðmyndun. Báðum verkefnaheftunum (New Writing Exercises og AWL) skal skilað.

Sérreglur áfangans:

Skilaskylda er á öllum verkefnum. Gefin er einkunnin 0/núll fyrir próf eða verkefni sem ekki er tekið eða skilað nema skráð viðurkennd forföll komi til (L, V eða W í Innu) Nemendur sem eru löglega afsakaðir þreyta ólokin próf í lok annarinnar (undantekningar eru prófin úr kjörbókinni og munnlega prófið. Þau verða tekin eftir ákvörðun kennara). **Athugið að þessar reglur gilda líka um eldri nemendur.** Nemendur fæddir 1999 eða fyrr sem ekki geta sótt tíma að öllu jöfnu verða í byrjun annar að ganga frá samningi mætingar og vinnu á önninni. Inna er notuð sem upplýsingabanki og til verkefnaskila að einhverju leyti.

Það er ekki lokapróf í þessum áfanga.

Fyrirkomulag námsmats:

Námspáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Kjörbók	Fjögur próf	15%
Ritun Efnisgreinar	Þrjár efnisgreinar	25%
Samtengingar	Eitt próf	10%
Munnlegt verkefni	Spjall um ákveðið efni í 5 mínútur	15%
Orðaforði AWL	Fjögur próf	25%
Lesskilningur	Tvö verkefni	10%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, 6. janúar 2019

Helgi Þorvaldsson, Ægir Pétur Ellertsson

Kennarar

Guðfinna Gunnarsdóttir

Kennslustjóri

VIKUPLAN – með fyrirvara um breytingar

Vika 1 (7 -11 jan)	Introduction / New Writing Exercises Ch. 1 The Paragraph
Vika 2 (14 -18 jan)	New Writing Exercises Ch. 2 Paragraph Assignment 1
Vika 3 (21-25 jan)	Academic Word List Ch. 16 / Novel Test Part 1
Vika 4 (28 - 1 feb)	AWL Test Ch. 16 / New Writing Ex. Ch. 3 Connectives
Vika 5 (4 - 8 feb)	New Writing Ex. Ch. 3 / Reading Comprehension 1
Vika 6 (11 -15 feb)	AWL Ch. 17 / Novel Test 2
Vika 7 (18 -22 feb)	AWL Test Ch 17 / Kátir dagar
Vika 8 (25- 1 mars)	New Writing Ex. / Novel Test 3 / Paragraph Assignment 2
Vika 9 (4 - 8 mars)	Oral Assignment Prep.
Vika 10 (11 - 15 mars)	Oral Assignment in-class / New Writing Exercises
Vika 11 (25 - 29 mars)	Finish New Writing Exercises / Novel Test 4
Vika 12 (1 - 5 apríl)	AWL Ch.18 / Reading Comprehension 2
Vika 13 (8 - 12 apríl)	AWL Test Ch.18 / Paragraph Assignment 3
Vika 14 (15 - 19 apríl)	Páskaleyfi
Vika 15 (24 - 26 apríl)	Connectives Revision
Vika 16 (29 - 3 maí)	AWL Ch. 19 / Connectives Test
Vika 19 (7-9 maí)	AWL Test Ch.19 / Hand in Workbook / Sick Tests (skrap)